

Föstudaginn 4. apríl 1941.

Nr. 13/1940. **Kristján Kristjánsson** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Sveini Brynjólfssyni (Enginn).

Bótakrafa vegna ólögmaetra slita á vinnusamningi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. febr. 1940, hefur krafizt sýknu af kröfum stefnda í máli þessu og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi sótti dóm, er mál þetta var þingfest og fjórum sinnum síðar, er því var fresað, en 31. f. m., er málið var tekið til dóms, kom enginn af hendi hans. Hefur málið því verið sótt skriflega, og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Að visu verður að telja áfrýjanda hafa mælt þau orð við stefnda í sennu aðilja þann 27. ágúst 1938, sem í héraðsdómi getur. En stefndi verður þó ekki talinn hafa haft heimild til að leggja þann skilning í þau, að áfrýjandi ætlaðist til þess, að hann færi þegar alfarinn úr vinnunni, enda var stefnda innan handar að krefja áfrýjanda þegar yfirlýsingar um það, hvort orðin skyldi skilja á þann veg, en það gerði stefndi ekki. Verður því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdómsins. En eftir málalokum fyrir hæstarétti verður að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda málskostnað hér fyrir dómi, er ákveðst 200 krónur.

Héraðsdómarinn, Sigurður bæjarfógeti Eggerz á Akureyri, sem farið hefur með mál þetta og dæmt í héraði, hefur leyft málflytjendum, þeim Birni Halldórssyni og Jóni Sveinsyni málflutningsmönnum, að leggja fram í dóm tvö skrifleg sóknarskjöl og varnar hvorum, án þess að dómari hefði ákveðið eftir framlagningu fyrra sóknarskjals og varnar, hvort mál skyldi flytja skriflega eða munnlega, eins og boðið er í 109. gr. laga nr. 85/1936. Fresti fengu málflytj-

endur hvor um sig á víxl, eins og fyrr tíðkaðist í skriflegum málflytningi, en ekki til sameiginlegrar notkunar, svo sem boðið er í 110. og 111. gr. téðra laga, nema að litlu leyti. Loksins er, að því er virðist, ákveðinn munnlegur málflytningur *eftir* að málflytjendur hafa *tvísvar* hvor sótt og varið mál skriflega, og því í rauninni lokið flutningi þess skriflega samkvæmt ákvæðum 110. gr. nefndra laga. Með þessum hætti hafa bæði dómari og málflytjendur sniðgengið ákvæði margnefndra laga um flutning einkamála í héraði, til þarf-lauss dráttar á máli og aflagafærslu lögmætra dómskapa-reglna. Verður að átélja bæði dómara og málflytjendur fyrir slíka þingsafglöpun, en ekki þykir nægileg ástæða að þessu sinni til þess að beita refsíákvæðum 3. málsgr. 34. eða 2. málsgr. sbr. 3. tölul. 1. málsgr. 188. gr. laga nr. 85/1936. Mál þetta var þingfest í júnímánuði 1940. Síðan hafa málflytjendur frestað því alls 9 mánuði, enda þótt það sé óvenjulega óbrotið og umfangslítið og án þess að nokkurra nýrra gagna hafi verið aflað, er nokkurn verulegan tíma gat tekið að fá. Verður að átélja málflytjanda áfrýjanda, Lárus Jóhannesson hæstaréttarmálflytningmann, fyrir þenna óþarfa drátt á málinu.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Kristján Kristjánsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Sveins Brynjólfssonar, í máli þessu.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað. Stefndi greiði áfrýjanda 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 4. desember 1939.

Mál þetta hefur höfðað Sveinn Brynjólfsson bifreiðarstjóri fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu dags. 22. apríl 1939 gegn Kristjáni Kristjánssyni bifreiðaeiganda Akureyri til greiðslu á skaðabótum fyrir fyrirvaralausan brottrekstur stefnanda úr þjónustu síni.

Stefnandinn segist undanfarin ár hafa verið mánaðarmaður við bifreiðakeyrlu hjá stefnda. Í fyrra sumar segist hann hafa ráðizt til stefnds upp á kr. 315.00 á mánuði, og taldi vist, að ráðningin hefði átt að gilda til haustsins. Hjá stefnda vann hann til 27. ágúst, en var þá, að því hann segir, rekinn burt, af því hann neitaði að sækja

sand til húsbygginga á sunnudagsmorgni. Stefnandinn gerir kröfu til, að stefndur greiði sér mánaðarkaup, kr. 315.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. okt. 1938. Enn krefst hann málskostnaðar, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 86.70 aurar.

Stefndi neitar öllum kröfum stefnanda og krefst sýknu, en í málskostnað kr. 65.00.

Stefndi neitar að hafa sagt stefnandanum upp vinnunni. Segist aðeins hafa verið stórorður við hann, en það sé annað en uppsögn.

Á laugardaginn 29. ágúst virðast orðaskiptin hafa átt sér stað á milli stefnda og stefnandans, en stefndi beið til mánudagsins með að fá bifreiðarstjóra til að keyra bifreiðina, en er stefnandinn kom ekki, þá tók hann annan mann. Hann segir, að stefnandinn hafi átt að sækja 2 bíla með spekksandi á sunnudagsmorgun, og hafi hann verið skyldur að gera það gegn aukaborgun.

Þá heldur stefndur því fram, að stefnandinn hafi haft önnur störf en bílstjórastörf með höndum, og segir meðal annars, að hann hafi keyrt til skiptis vöruflutningabíl eða fólkabíl og stundum unnið önnur störf.

Pungamiðja starfsins virðist þó hafa verið bilkeyrsla, sbr. og kaupíð, sem er ákveðið í réttarskj. 3 b. síðustu línu, svarar til kaups bifreiðarstjóra. Vitnið Ásgrímur Garibaldason hefur borið, sbr. réttarskj. 7, að stefndur hafi í tilgreint skipti viðhaft meðal annars þessi orð: „og ef hann vildi ekki gera það, sem hann var beðinn, mætti hann fara til andskotans“.

Þessum orðum er ekki sérstaklega mótmælt, og þar sem vitnisburðurinn er tekinn gildur, sem eiðfestur væri, virðist mega ganga út frá, að orðin hafi fallið á þessa leið. Vitnið og tvö önnur vitni, sem hlýddu á samtali stefnda og stefnandans, hafa að visu haldið því fram, að þau hafi ekki skilið ummæli stefnda sem uppsögn, enda hafur og stefndur haldið því fram, að hann hafi beðið til mánudags til þess að ráða mann í staðinn fyrir stefnandann.

Rétturinn verður nú að líta svo á, að jafnvel þó engin vissa sé fyrir því, að stefndur hafi ætlað að segja stefnandanum upp starfinu, þá hafi stefnandinn haft rétt til að skilja hin tilvitnuðu ummæli stefnda sem uppsögn.

Og þar sem stefnandinn hafði gegnt starfinu í 3 mánuði, er hann var látinn vikja frá því, þá virðist honum samkvæmt réttarskj. 3. 12. gr. bera 1 mánaðar uppsagnarfrestur. Og þar sem stefnandinn var eigi skyldur að reka það erindi á sunnudagsmorgni, sem honum var falið að gera, með því að það samrýmist eigi helgidagalöggjöfinni, en þar sem hann átti mánaðaruppsagnarfrest, auk þess eigi sannað, að hann hafi eigi skaðazt á burtrekstrinum, þá ber að taka kröfu stefnandans til greina og dæma stefnda til að greiða honum kr. 315.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. okt. 1938 til greiðsludags.

Málskostnaður þykir rétt eftir atvikum, að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Kristján Kristjánsson, bifreiðaeigandi Akureyri, greiði stefnandanum, Sveini Brynjólfssyni bifreiðarstjóra, Akureyri, kr. 315.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. okt. 1938 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. apríl 1941.

Nr. 102/1940. **Stefán Thorarensen** (Lárus Fjeldsted)
gegn

Kristni P. Briem

(cand. jur. Einar Ásmundsson).

Krafa um riftingu á lausafjárkaupum og um bætur vegna galla á seldum hlut.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði dómur er upp kveðinn af Birni lögmanni Þórðarson.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. nóvember f. á., gerir hér fyrir dómi sömu kröfur og í héraði. Enn fremur krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar dómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þegar litið er á það, að refahirðir stefnda lýsti yfir því, að tæfan Gríma hafi gengið í marz 1938, þá verður ekki talin fram komin sönnun þess, að stefndi hafa haft ástæðu til að ætla tæfu þessa ófrjóa, þegar kaup aðilja gerðust, og verður málið því ekki dæmt áfrýjanda í vil á þeim grundvelli, að stefndi hafi vitandi eða gálaut leynt hann göllum á tæfunni. Áfrýjandi kveður, að refahirðir sinn hafi veitt því athygli, nokkru eftir að Gríma var komin í refabúið í Saltvik, að kynfæri hennar væru ekki í lagi, og að óvíst væri,